

Upplýsingaöryggisstefna

Sensa fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu sem nánar er lýst í skjali um stjórnun upplýsingaöryggis. Við mótun stefnunnar og stjórnkerfisins var hafður til hliðsjónar staðallinn *ISO/IEC 27002 – Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsinga*.

1. Sensa skuldbindur sig til að hámarka öryggi upplýsinga í vörslu fyrirtækisins m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Sensa fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum um stjórnun upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana til að standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
3. Stefna Sensa í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins.
4. Allir starfsmenn, verktakar og þjónustuaðilar Sensa eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
5. Sensa stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, viðskiptavina og gesta.
6. Sensa tryggir að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum í samræmi við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.
7. Sensa framkvæmir árlega áhættugreiningu á öllum verðmætum fyrirtækisins, metur aðgerðir úr frá áhættustigi og samþykkir. Áhættumat er einnig gert við framkvæmd breytinga þegar ný kerfi eru tekin í notkun eða þegar alvarleg frávik verða sem leiða af sér endurmat á áhættustigi. Þannig stuðlar Sensa að stöðugum umbótum í rekstri félagsins.
8. Árlega er gerð skýrsla varðandi framkvæmd og virkni öryggisstefnu Sensa.
9. Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrirverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um málefni Sensa, starfsmanna eða viðskiptamanna til þriðja aðila nema að fengnu samþykki ábyrgðaraðila.
10. Sensa endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.
11. Sensa mun hlíta *ISO/IEC 27001: 2013 – Stjórnunarkerfi fyrir upplýsingaöryggi* sem eru grundvöllur skipulags- og viðhaldsaðgerða til að standa vörð um *leynd, réttleika og tiltækileika* gagna og upplýsingakerfa.

Umfang

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Sensa nær til innri starfsemi fyrirtækisins, húsnæðis og rekstrarþjónustu sem Sensa veitir viðskiptavinum sínum á samnýttum eða sértækum búnaði, auk allra innri kerfa, hug- og vélbúnaðar í eigu og undir fullri stjórn Sensa.

The scope of the ISMS covers all internal operations, housing and managed services which Sensa provides to customers on shared or specific equipment, as well as all internal systems, software and hardware owned and solely operated by Sensa.

Reykjavík 23. maí 2019.

Valgerður Hrund Skúladóttir, Framkvæmdastjóri